



Grein birt 30. mars 2011



Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir  
og Sólrún Guðjónsdóttir

## **Sambætting námsgreina hefur fleiri kosti en galla**

### **Sagt frá þróunarverkefni í Fjölbrautaskóla Snæfellinga**

Í þessari grein er sagt frá þróunarverkefninu SNÆ við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Verkefnið fólst í sambættingu námsgreina og tók yfir þrjú skólaár. Markmiðum verkefnisins er lýst og sagt frá undirbúningi þess og framkvæmd. Fjallað er um sambættingu námsgreina, námsmat, erlent samstarf og mat lagt á verkefnið í heild. Meginniðurstaða höfunda er að nám með þessum hætti hafi mun fleiri kosti en ókosti. Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir eru kennarar við Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

## Inngangur

[Fjölbrautaskóli Snæfellinga](#) er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag. Námsrými eru opin og kennsluumsjónarkerfi (Moodle) notað við skipulag námsins. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og í nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Skipulag kennslunnar tekur mið af þessu. Meginmarkmiðið með því að breyta kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara og að þeir nái betri tókum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu (e. *learning by doing*) og finni lausnir (lausnaleitarnám, e. *problem-based learning*).

Rekja má einstaklingsmiðað nám til hugmynda uppeldisfrömuða eins og Jean-Jacques Rousseau (1762/2001), John Dewey (1933) og Mariu Montessori (1912). Í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er einna mest sótt til kenninga John Dewey (1933), en kennslan er byggð á hugmyndum hans um virka kennsluhætti, leitarnám, þjálfun hugsunar og lýðræðislegt skólastarf. Kennslufræði Dewey byggist ekki hvað síst á áhuga, virkri reynslu, eigin athugunum og könnunum nemenda. Einnig er lögð áhersla á samfellu í vinnubrögðum og þroska. Kennarinn er leiðbeinandi og leiðtogi sem stýrir vinnu nemenda en er ekki sá sem talar og framkvæmir. Meginverkefni kennarans er að spyrja spurninga og vekja nemendur til umhugsunar (Dewey, 1933, bls.14–17). Einnig má nefna hugmyndir um opna skólann, hugsmíðahyggju (e. *constructivism*) og fjölgreindarkenningu Howard Gardner (1993) en þessar kenningar styðja allar einstaklingsmiðað nám (Ingvar Sigurgeirsson, 2005). Upplýsingatæknin er nýtt á margvíslegan hátt í náminu og fléttast inn í alla þætti skólastarfsins.

Öll kennsla í skólanum fer fram með dreifnámssniði þar sem skiptast á hefðbundnar kennslustundir og verkefnatímar. Moodle-kennsluumsjónarkerfið er notað til að halda utan um skipulag kennslunnar og allar upplýsingar fyrir hvern áfanga þannig að þær séu aðgengilegar alla önnina. Nemendur skila verkefnum í gegnum Moodle og taka oftast próf þar einnig. Kennarar stýra vinnu nemenda og eru til aðstoðar bæði í hefðbundnum tímum og verkefnatímum. Námið fer aðallega fram með sjálfstæðum verkefnum og vinna nemendur ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Leitast er við að hafa verkefni bæði fjölbreytt og skapandi og hafa kennarar og nemendur aðgang að viðeigandi búnaði í þeim tilgangi, s.s. tölvum, skjávörpum og ýmsum hugbúnaði.

Hverri önn er skipt í tvær lotur og í hvorri lotu er kennt í sjö vikur. Í lok fyrri lotunnar eru kennslu- og prófadagar í eina viku þar sem kennt er áfram í símatsáföngum en prófað í öðrum áföngum. Seinni lotunni lýkur með prófum í tvo daga.

Stundataflan er í meginráttum skipulögð þannig að hefðbundnar kennslustundir og verkefnatímar skiptast á. Kennsla hefst kl. 8.30 á morgnana og lýkur kl. 15.30 alla daga nema föstudaga en þá lýkur kennslu kl. 13.20.

## Þróunaráfanginn SNÆ

Vorið 2005 hófst undirbúningur að þróunaráfanganum SNÆ með heimsókn kennara frá [Fredrika Bremer](#) skólanum í Haninge í Svíþjóð og [Kainuun Ammattiopisto](#) skólanum í Kajaani í Finnlandi. Ákveðið var að fara í þriggja ára samstarf en styrkir höfðu fengist frá NordPlus Junior og Þróunarsjóði framhaldsskóla. Höfundar, ásamt skólameistara Fjölbrautaskóla Snæfellinga, ákváðu að búa til nýjan áfanga um samstarfið. Áfanginn hlaut nafnið SNÆ, með vísan í viðfangsefni áfangans sem lagt var upp með að yrði sögur og sagnir á Snæfellsnesi frá upphafi byggðar til samtímans. Einnig var ákveðið að nýta möguleika og sérstöðu skólans í kennsluháttum og kennsluaðferðum með því að samþætta nokkrar námsgreinar innan skólans í einn valáfanga. Það lá beinast við að sam-

Þetta þær greinar sem við höfundar höfum kennt, þ.e. íslensku, upplýsingatækni, myndlist, leiklist, margmiðlun, félagsfræði, sögu og lífsleikni.

Eins og kom fram hér að framan var þemað sögur og sagnir á Snæfellsnesi og var ákveðið að fara á þremur skólaárum yfir tímabilið frá landnámi til dagsins í dag. Hugmyndin var einnig að skoða sameiginlegan menningararf Norðurlandanna frá fortíð til nútíðar. Áfanginn var kenndur allan veturinn og gaf fjórar einingar á ári í þrjú skólaár eða samtals tólf einingar. Úr íslensku tókum við m.a. þjóðsögur, sagnir og ljóð. Úr félagsfræði og sögu, m.a. menningu, siði og samskipti. Lífsleikni, leiklist og myndlist ásamt upplýsingatækni og margmiðlun nýttust við framsetningu á efninu.

Við kynntum verkefnið fyrir tíundu bekkjum á Snæfellsnesi vorið 2006 þegar þeir komu í heimsókn í skólann. Haustið 2006 kynntum við verkefnið aftur fyrir nýnemum við skólann og bauðst þeim öllum að sækja um að taka þátt í því.

Í upphafi ákváðum við að nemendur í áfanganum yrðu aldrei fleiri en átján og helst ekki færri en fjórtán. Að sama skapi var ákveðið að þeir sem myndu sækja um yrðu í áfanganum frá upphafi til enda, eða í þrjú ár. Nítján sóttu um og fengu allir inngöngu. Tveir nemendur hættu við strax í upphafi, sem líta má á sem ábendingu um að þetta verkefni henti ekki öllum, og einn nemandi flutti burt af svæðinu. Fyrsta árið voru nemendur því sextán. Haustið 2007 fluttu þrír nemendur af svæðinu og voru stelpur þá orðnar mun fleiri en strákar. Hópurinn tók því þá ákvörðun að óska eftir karlkyns nemendum með tónlistaráhuga eða -þekkingu sem væru tilbúnir að taka þátt í þessari vinnu með þeim. Nemendur héldu fund þar sem ræddir voru mögulegir þátttakendur. Að lokinni umræðu var ákveðið að boða sex stráka í viðtal til að fylla í þau skörð sem myndast höfðu í hópinn. Þeir mættu allir í viðtölin og að þeim loknum fór fram kosning innan hópsins um hverja skyldi velja. Þannig bættust tveir drengir í hópinn í upphafi annars árs.

Kennsluáætlanir hvorrar annar voru unnar í samvinnu við nemendur til að þjálfa þá í lýðræðislegum vinnubrögðum.

## Markmið

Markmið verkefnisins voru skilgreind svo:

- Nemendur verði meðvitaðir um að landmærin milli námsgreina eru tilbúin og að með samþættingu sem þessari öðlist þeir aukna víðsýni.
- Nemendur tileinki sér lýðræðisleg vinnubrögð.
- Tengsl milli samstarfsþjóðanna verði eflað.
- Nemendur sýni sjálfstæð og skapandi vinnubrögð.
- Nemendur sýni ábyrgð með þátttöku í verkefnum.
- Nemendur þjálfist í því að meta eigin vinnu og annarra.
- Nemendur hafi tækifæri til að taka þátt í mótun áfangans þar sem nemendur og kennarar velja þema sem unnið er með og þær aðferðir sem eru notaðar.
- Nemendur heimsæki vinaskólana á Norðurlöndum og vinni sameiginleg verkefni með þeim.

Eins og sést var eitt af markmiðunum að nemendur tækju þátt í þróun áfangans og unnum við markvisst að því öll árin. Síðasta árið settu nemendur sjálfir niður markmið sem voru m.a. þessi:

1. Kynnast nýrri menningu
  - a. Fara til Finnlands
2. Kynnast Kalevala
  - a. Vinna verkefni

- i. Búa til lag
  - ii. Glærusýning
  - iii. Bíómynd
- b. Lesa
- c. Semja
3. Kynnast sögu Snæfellsness
  - a. Lesa
  - b. Ferðast
  - c. Faðmast
  - d. CIA factbook
4. Fara til Finnlands
  - a. Fara til Finnlands
  - b. Fara til Kajaani
5. Kynnast nýju fólki
  - a. MSN – Myspace
  - b. Hittast
6. Nýtt tungumál
  - a. Annað land
7. Deila kærleika
  - a. Góð hvert við annað
8. Tjáning
  - a. Leiklistartíma
  - b. Ljóðaupplestur
  - c. Leiðbeiningar/uppbyggileg gagnrýni

Við teljum að flestum þessara markmiða sem nemendur settu fram hafi verið náð, misvel að sjálfsgöðu, en vissulega fórum við til annars lands og kynntumst nýju fólki sem talaði annað tungumál. Við unnum mikið með tjáningu með alls kyns aðferðum og nemendur lásu og sömdu efni sem unnið var eftir heimildaöflun. Síðast en ekki síst vorum við góð við hvert annað!



## Viðfangsefni SNÆ

### Veturinn 2006–2007

Við hófum vinnuna á landnámi Íslands en þar skiptu nemendur sér niður í hópa og gerðust landnámsmenn. Þeir völdu sér stað í Noregi til að leggja upp frá í langferð, völdu sér siglingaleið til landsins og stað til að taka land á. Að sjálfsgöðu þurftu þeir að ákveða hvað þeir tækju með sér til landsins af vistum, fólki og dýrum, hvort þeir kæmu við einhvers staðar á leiðinni eða sigldu beint. Sumir lögðu meira að segja í þá vinnu að gera ráð fyrir slæmum veðrum og áföllum á leiðinni. Þeir byggðu sér bæ og komu sér vel fyrir á því landsvæði sem þeir völdu sér.


Í þessari vinnu þurftu nemendur að kynna sér sögu landnámsmanna, ferðamáta þeirra, ástæður brottfarar frá heimalandinu, þær aðstæður sem þeir bjuggu við er þeir sigldu til landsins og þá erfiðleika sem fylgja því að koma sér fyrir í nýju umhverfi. Einnig kynntu þeir sér klæðnað þessa tíma, matarvenjur, vinnuaðferðir og afþreyingu fólks. Hóparnir skiluðu þessari vinnu af sér í margvíslegu formi, s.s. með teiknimynd, í fyrirlesturum og með myndasýningu.

Í næsta verkefni færðum við okkur framar í tíma og hófum að kynna okkur sögu landnámsmanna á Snæfellsnesi og völdum Bárð Snæfellsás. Nemendur lásu söguna og veltu

Því fyrir sér hvernig hægt væri að vinna nánar með hana og jafnvel kynna fyrir vinum okkar í Svíþjóð og Finnlandi. Ákveðið var að gera leiksýningu byggða á bókinni og hófust nemendur þegar handa við að undirbúa hana. Fljótt kom í ljós að sagan er of flókin til að hægt sé að setja hana upp á venjulegu leiksviði í hefðbundinni sýningu. Auk þess hefði kostnaður við slíka sýningu orðið okkur ofviða. Hópurinn ákvað því að setja söguna á svið á afar nýstárlegan og óhefðbundinn hátt.

Sögumenn voru tveir á sviðinu allan tímann. Þeir voru að reyna að vinna handrit upp úr sögunni og segja hvor öðrum og áhorfendum söguna um leið. Þegar eitthvað markvert gerðist í sögunni sáu áhorfendur þann atburð með aðstoð margmiðlunar. Með þessu móti var auðvelt að ferðast með sýninguna.

Í þessari vinnu þurftu nemendur að læra að búa til handrit og gerðu þeir það í forriti sem er gjaldfrjálst á veraldarvefnum og heitir *Scriptbuddy* (<http://www.scriptbuddy.com>). Eins þurftu nemendur að vinna með teikniforrit, upptökuvélar, klippiforrit, ljósmyndataekni, tölvuleiki og ýmis ritvinnsluforrit til að gera sýninguna að því sem hún varð. Nemendur sáu sjálfir um alla kynningu á verkefninu, útbjuggu auglýsingaspjöld, aðgöngumiða, leikskrá og kynningarefni fyrir fjölmiðla. Þetta þurftu þeir að gera á íslensku, ensku og að einhverju leyti á sænsku. Útbúin var heimasíða þar sem hægt var að fylgjast með vinnu þeirra. Slóðin er <http://blog.central.is/snae?page=news>.



Þegar hópvinna við verkefnið um Bárð Snæfellsás lauk var ákveðið að vinna einstaklingsverkefni. Fyrir valinu varð þjóðsagan um Axlar-Björn. Sögunni var skipt upp í þrjátíu og fjóra hluta og fékk hver nemandi tvo hluta með þeim tilmælum að tjá söguna í tveimur litlum handmáluðum myndum. Þetta var krefjandi verkefni fyrir flesta nemendur þar sem þeir voru að fara inn á nýja braut en það heppnaðist mjög vel og vakti ánægju og gleði í hópnum.

Við fórum til Svíþjóðar í lok apríl 2007 þar sem við hittum vini okkar frá Fredrika Bremer og Kainuun Ammattiopisto. Við dvöldum öll saman í Den Röda Båten (fljótandi hótél) í tvær nætur en svo fóru nemendur sem gestir inn á heimili samnemenda sinna í Haninge.



Við unnum að sameiginlegum verkefnum, fórum í heimsóknir á söfn og í almenningsgarða og sýndum margmiðlunarsýninguna um Bárð á alþjóðlegri leiklistarhátíð í Menningarmiðstöð Haninge. Sýningin tókst mjög vel og þótti einstaklega nýstárleg og frumleg. Fékk hún góða umfjöllun í bæjarblaði Haninge.

Í sameiginlega verkefninu okkar í Svíþjóð var nemendum skipt í hópa þar sem þess var gætt



að hver hópur hefði jafn marga fulltrúa frá hverju landi. Hóparnir áttu að búa sér til fána sem innihéldi eitthvað táknrænt frá hverju landi. Fánarnir urðu mjög fjölbreyttir en allir mjög sérstakir og fallegir. Degi síðar fengu hóparnir það hlutverk að búa til leikþátt þar sem þeir léku þá táknrænu hluti sem þeir höfðu sett á fánann sinn. Útkoman varð einstaklega skemmtileg því nemendur þurftu að raða saman í eina stutta sýningu því sem þeim þótti táknrænast frá löndunum þremur.



### Veturinn 2007–2008

Við hófum vinnuna um haustið á því að kynna okkur þjóðsögur sem tengjast Snæfellsnesi og unnu nemendur nokkur verkefni út frá þeim. Fyrst leituðu þeir sagna og kynntu þær fyrir öðrum nemendum í hópnum. Eftir lýðræðislega umræðu um þær sögur sem voru kynntar var ákveðið að vinna nánar með tvær þeirra og voru tvö stærri verkefni unnin út frá þeim. Var það fyrra útilistaverk en hið síðara leikin stuttmynd.

Útilistaverkið er stytta eða skúlptúr af Skriðu-Fúsa sem sett var upp í Fúsaskurðum í Kerlingaskarði. Verkefnið var margþætt. Í fyrsta lagi þurftu nemendur að fá leyfi fyrir uppsetningu verksins og tók svólítinn tíma fyrir þá að komast að því hver ætti landið sem gamli

Þjóðvegurinn liggur um. Að því loknu var auðsött mál að fá leyfi fyrir verkinu. Þá var hægt að hefjast handa við smíðina. Nemendur ákváðu að gera Fúsa í fullri stærð og reiknuðu hlutföll hans út frá einum nemendanna. Ákveðið var að Fúsi yrði aðeins úr endurnýttu efni og var engum fjármunum varið í smíði hans. Gamli girðingarstaurar, afgangstímur, gamall fótbolti, dagblöð og notuð fót öðluðust þannig nýtt líf.



Sagan af Skriðu-Fúsa var svo sett á blað, plast límt yfir og hún negld á bakið á honum. Þegar Fúsi var tilbúinn fór allur hópurinn upp í Fúsaskurði til að koma honum fyrir. Fylgst var með Fúsa reglulega yfir veturinn og kom það okkur verulega á óvart hversu vel hann kom undan vetri. Gerð var tilraun til að ná í hann í apríl 2008, en þá var ennþá frost í jörðu og hann frosinn fastur. Tekin var ákvörðun um að leyfa honum að vera á sínum stað um ókomna tíð, en jafnframt að fylgjast reglulega með honum. Við höfum af því fregnir að Fúsi hafi skotið hestafólki á leið um skurðina í þoku nokkurn skelk í bringu og að litlu hefði mátt muna að snjósleðamenn hringdu í neyðarlínuna til að láta vita af manni sem væri illa staddur í Fúsaskurðum.

Leikna stuttmyndin var gerð eftir þjóðsögunni um drauginn á Þórdísarstöðum, en nemendur sáu alfarið um að búa til handrit að myndinni, skipa í hlutverk, leikstýra, taka upp og klippa myndina. Þeir leituðu sjálfir tökustaða og fengu leyfi fyrir tökum, útveguðu búninga, sáu um förðun og leikmynd og fundu tónlist fyrir verkið. Kvikmyndin kom einstaklega vel út hjá þeim og var það samdóma álit okkar að sjaldan hefði ánægja nemenda í skólastarfi verið eins áberandi og í þessu verki. Myndin hefur verið sýnd reglulega síðan hún varð tilbúin, bæði á meðal nemenda, foreldra og annarra áhugasamra.



#### Stuttmyndin [Draugurinn á Þórdísarstöðum](#)

Fyrir jól fjölluðum við um íslenskar jólahefðir fyrr og nú og unnu nemendur ljósmynda-verkefni út frá þeim. Nemendur tóku ljósmyndir sem flestar tengdust jólasveinum á einn eða annan hátt. Nefna má að einn hópurinn gerði samanburð á útliti þeirra og hegðun.

Að loknu jólafríi var ákveðið að hefjast handa við að kynna sér finnska ljóða- og sagnabálkinn Kalevala, en hann segir frá sköpun heimsins á sambærilegan hátt og Völuspá. Þó nokkur tími fór í að skilja sögurnar og ákveða hvernig vinna ætti með þær. Í samráði við nemendur var ákveðið að skipta hópnum í fjóra minni hópa sem hver um sig fjallaði um Kalevala á sinn hátt.

Einn hópurinn útbjó teiknimyndasögu þar sem nemendur nýttu sér tölvutæknina við að teikna og setja saman bók (sjá [hér](#)). Annar hópur gerði leikrit þar sem sagan var sett í nútímabúning. Þriðji hópurinn samdi tónlist þar sem sagan var sögð í ljóði og tónum. Fjórdi hópurinn málaði stórt málverk þar sem sagan var sögð. Mikil áhersla var lögð á hið dularfulla Sampo sem er nokkurs konar „verndargripur“ sem veitir íbúum hvers bæjar gæfu og vernd, jafnvel þótt enginn sé gripurinn, a.m.k. ekki áþreifanlegur. Nemendur tóku

ljósmyndir af málverkinu og einstökum hlutum þess og útbjuggu skjal þar sem merking þess er útskýrð (skjalið má sjá [hér](#)). Farið var með öll verkefni til Finnlands í apríl 2008 og vöktu þau mikla athygli á meðal vinaskóla okkar, sem og hversu vel nemendur okkar höfðu skilið Kalevala en bálkurinn hefur reynst mörgum torskilinn.

Í Finnlandi unnu nemendur skólanna þriggja nánar með Sampo. Sérstaklega var leitast við að finna það sem gæti gert okkur öllum jarðarbúum kleift að búa saman í friði, sátt og samlyndi. Nemendurnir bjuggu til sitt eigið Sampo með skilaboðum til okkar allra um það hvað það sé sem liggja til grundvallar þeirri hugmynd.



## Veturinn 2008–2009

Nú var komið að því að fást við verkefni sem tengdust tuttugustu öldinni. Ákváðum við að þrengja hringinn aðeins og fjalla um eitt þema til að vinnan yrði markvissari. Varð að ráði að þema haustannar yrði hafið og allt sem tengist því.

Í fyrsta verkefninu völdu nemendur sér viðfangsefni. Einn hópurinn tók saman matreiðslubók, annar samdi fréttabréf og sá þriðji gerði stuttmynd. Nemendurnir sem gerðu matreiðslubókina leituðu eingöngu að uppskriftum á Netinu í stað þess að fara lengra aftur í tímann og jafnvel leita í uppskriftabókum hjá ömmum eða skyldfólki og skoða hvað fólk var að borða á tuttugustu öldinni. Uppskriftabókin varð því hálf fátækleg og ekki eins og til var ætlast í upphafi. Nemendur viðurkenndu í sjálfsmati að þeir hefðu getað unnið bókina betur með því að gefa sér meiri tíma í undirbúning og framkvæmd. Fréttabréfið var góð hugmynd en illa framkvæmd. Sem dæmi virtu nemendur ekki reglur um heimildir. Stuttmyndin fjallaði um Mardraug sem lifir í sjónum. Myndin var frumleg og nokkuð skemmtileg en eins og hin verkefni hefði mátt vinna hana betur. Starfið við þessi verkefni einkenndist af leiða og hefðu kennarar getað vandað sig betur við að setja fram markmiðin. Eftir á að hyggja vorum við sjálfar orðnar svolítið leiðar á verkefninu og gleymdum því að við værum liðsstjórar og að okkar hlutverk væri að hvetja nemendur til dáða.

Næsta verkefni var einstaklingsverkefni þar sem haldið var áfram með þemað um hafið. Nemendur áttu að taka tólf ljósmyndir fyrir dagatal. Þeir máttu velja sér þema sem tengdist hafinu. Allir skiluðu dagatali og voru flest þeirra mjög vel unnin. Í ljós kom að nemendum fannst það frelsun að fá að vinna einstaklingsverkefni eftir undanfarin hópverkefni. Að verkefninu loknu voru valdar tólf myndir, ein úr hverju dagatali og búið til eitt dagatal sem sent var út til vina okkar í Finnlandi og Svíþjóð (sjá [hér](#)).

Þriðja verkefnið var paraverkefni þar sem nemendur áttu að vinna útlarpspátt. Eins og önnur verkefni átti það að tengjast hafinu. Einnig áttu nemendur að skrifa dagbók meðfram vinnunni. Eitt parið valdi sér sjávarútvegsfyrirtæki og tók viðtöl við tvo stjórnendur í Stykkishólmi. Þetta var vel heppnaður þáttur og gáfu nemendur þá endurgjöf að þátturinn innihéldi góðar upplýsingar og að það hefði verið gott að heyra alvöru viðtöl. Annað par valdi að fjalla um hlutverk kirkjunnar og presta í sjómannslífi. Þátturinn var vel unninn.





Nemendur gáfu þá endurgjöf að þeir væru ánægðir með efnið. Þó hefðu þeir viljað heyra viðtal sem tekið var spilað en ekki endursagt. Eiginkonur sjómanna urðu fyrir valinu hjá þriðja parinu. Sá þáttur heppnaðist vel fyrir utan það að raddir stjórnenda þáttarins urðu miklu dýpri en eðlilegt má teljast vegna tæknilegra örðugleika. Þetta hafði á hinn bóginn þau áhrif að allir hlógu og skemmtu sér. Fjórdá parið valdi sér umfjöllunarefnið heima-byggðina þar sem það tók Flatey sérstaklega fyrir. Nemendur settu á svið viðtal við íbúa í Flatey sem sagði sögur sem áttu sér rætur í raunveruleikanum. Fleiri þör skiluðu því miður ekki útvarpsþætti. Í heild tókst þetta verkefni mjög vel og var það meðal annars vegna góðrar verkefnalýsingar og augljósra markmiða.

Þá var komið að jólaverkefni þar sem nemendum var skipt í hópa. Hver hópur valdi sér einn áratug tuttugustu aldarinnar og gerði jólahefðum þess tímabils skil með leikþáttum. Meðan á vinnunni stóð áttu hóparnir að skila rafrænum jólakortum til kennara þar sem þeir fóru yfir stöðu verkefnisins, alls fjórum jólakortum. Mætingaskylda féll niður á meðan og voru nemendur almennt mjög ánægðir með það fyrirkomulag. Jólakortin sem við fengum voru einstaklega vel unnin og frumleg og höfðu nemendur gaman af þessu verkefni. Leikþættirnir tókust einnig mjög vel en allir hóparnir tóku þá upp á myndband og var haldin jólasýning á þeim.

Við byrjuðum vorönnina á því að nemendur skiptu sér í þrjá hópa. Einn hópurinn valdi að vinna með tólmstundir á Snæfellsnesi og útbjó heimasíðu þar sem hann setti inn ýmsar upplýsingar um hvað hinn dæmigerði unglingur aðhefst í tólmstundum sínum. Þetta var vel unnin síða og voru bæði nemendur og kennarar ánægðir með útkomuna. Því miður er síðan ekki lengur aðgengileg. Næsti hópur valdi að fjalla um daglegt líf á Snæfellsnesi. Hann útbjó úrklippubók (Scrapbook) og í henni voru myndir héðan og þaðan, t.d. úr íþróttahúsinu, tónlistarskólanum, grunnskólanum, sjávarútvegsfyrirtækinu Sæfangi og dvalarheimilinu. Síðasti hópurinn valdi að gera brúðuleikhús um álfa og tröll. Hann var ekki tilbúinn með verkefnið þegar átti að sýna það og fékk frest um eina viku. Það verkefni skilaði sér aldrei.

Þá var komið að undirbúa móttöku gesta frá vinaskólum okkar í Finnlandi og Svíþjóð. Í hönd fór metnaðarfullur undirbúningur bæði nemenda og kennara. Dagskráin var unnin af

nemendum og má sjá hana [hér](#). Nemendum þótti það mikil viðurkenning og traust af hálfu kennara að fá að undirbúa dagskrá móttökunnar að mestu leyti án afskipta kennara. Allur hópurinn, nemendur og kennarar, dvaldi í tvo sólarhringa á Gufuskálum. Hver nemandi fékk sín ákveðnu verkefni til að sjá um meðan á heimsókninni stóð. Þessi verkefni voru að sjá um hópefli og kvöldvöku á Gufuskálum, skipuleggja kvöldverð með foreldrum í skólanum, ákveða hvað ætti að sýna af verkefnum í Samkomuhúsinu, sjá um fararstjórn og annast skipulagningu ferðar um Snæfellsnes. Allur undirbúningur og framkvæmd heimsóknarinnar tókst einstaklega vel hjá nemendum. Litum við svo á að þetta væri uppskeruhátíð þeirra þar sem þeir nýttu alla þá þekkingu og þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum sem þeir höfðu öðlast á þeim þremur árum sem verkefnið stóð yfir.

Sameiginlegt verkefni hér á landi var ljósmyndamarabon. Nemendum var skipt í hópa þar sem öll lönd áttu sinn fulltrúa. Hver hópur fékk umslag með nokkrum orðum, en hvert orð var tengt ákveðnum áfanga á leið okkar umhverfis Snæfellsnes. Þess var gætt að engir tveir hópar fengju sama orðið á sama stað. Þegar stoppað var fengu nemendur upplýsingar um þann stað sem við vorum á, en fengu svo tíma til að taka ljósmynd sem táknaði það orð sem þeir fengu hverju sinni. Nemendum var frjálst að nota í hverja mynd hvort sem var sig sjálfa sem viðfangsefni, náttúruna og umhverfið eða allt saman.

Í lok ferðar skiluðu nemendur ljósmyndunum í stafrænu formi og sáu kennarar um að setja saman stutta kvikmynd með öllum ljósmyndunum sem birtust með orðunum sem við þær áttu, ásamt viðeigandi tónlist. Óhætt er að segja að þetta verkefni hafi hitt í mark hjá öllum nemendum en ekki síður hjá okkur kennurunum því verkefnið gerði heimsókn á staðina, í miklum vetrarkulda og snjó, eftirminnilegri og áhugaverðari. Það er mjög auðvelt að láta sér leiðast við að skoða náttúru sem er gaddfreðin og hulin snjó þegar maður er 17 eða 18 ára. Ljósmyndirnar sem við fengum voru afskaplega skemmtilegar og hreint ótrúlegt hversu marga möguleika þau sáu við þessar aðstæður (sjá [hér](#)).

## Námsmat

Við komumst fljótt að því að taka þyrfti námsmat í áfanganum til gagngerrar endurskoðunar. Okkur fannst hefðbundið námsmat ekki eiga vel við í samþættum áfanga eins og þessum. Við kynntumst hugmyndum Black og Wiliam um leiðsagnarmat haustið 2007 og ákváðum að nota það við mat á vinnu nemenda. Samkvæmt Black o.fl. (2006) felur leiðsagnarmat í sér meðvitaða og vel ígrundaða notkun spurninga, sama í hvaða formi þær eru, notkun jafningja- og sjálfsmats og virka endurgjöf frá kennara.

Við lögðum upp með vikuleg verkefni í formi leiðarbóka sem fólust í persónulegum skrifum, ígrundun og mati á eigin vinnu og annarra. Einn nemenda okkar hafði þetta um leiðarbækur og áfangann almennt að segja:

Þetta hefur verið mjög gaman, unnið ýmis öðruvísi verkefni og er leiðarbókin algjör snilld núna eftir á. Gaman að geta skoðað hana og séð hvað við vorum að gera og sjá líka hvernig maður hugsaði, hvað manni fannst um verkefni. Furðulegt líka hvað maður hefur stundum skipt um skoðun eftir á, það var kannski ekki neitt voða skemmtilegt þegar við vorum að gera það en eftir á, að hugsa um það, þá var það bara nokkuð gaman og eftirminnilegt.

Leiðarbækur nemenda eru gulls ígildi þegar kemur að því að meta hvað nemendur hafa lært og tileinkað sér. Leiðarbækurnar voru líka ómetanlegur vettvangur fyrir nemendur til að koma ábendingum til kennara og óskum um breytingar á námsefni og viðfangsefnum.

Jafningjamat og sjálfsmat á afar vel við þegar þjálfar á nemendur í gagnrýnni hugsun. Það fékk nemendur til að líta eigin verkefni öðrum augum og eins til að vanda sig við verkefnið.

þar sem þeir vissu að aðrir nemendur kæmu til með að meta þau líka. Einn nemandi hafði þetta að segja um sjálfsmat:

Nú er komið að því sjálfsmati sem fylgir svo gjarnan áföngum FSN. Slíkt sjálfsmat er í raun nauðsynlegt, bæði svo að maður átti sig á því hvar maður getur bætt sig en einnig til að hjálpa manni að rifja upp frammistöðu sína í hinum ýmsu greinum.

Við mynduðum rýnihóp nemenda til að ræða við um uppbyggingu og framkvæmd áfangans. Rýnihópurinn kom einnig með tillögur að endurskoðun á áfanganum og gaf endurgjöf á leiðsagnarmatið. Það var samröma álit hópsins að skrifleg endurgjöf frá kennurum væri mjög góð, sérstaklega ef hún fæli í sér „tvær stjórnur og eina ósk“. Stjórnurnar til þess að hæla því sem vel var gert og óskinn sem leiðsögn til nemandans um hvernig hann geti bætt það sem betur má fara.

Eftir á að hyggja sjáum við að ýmislegt hefði mátt fara betur hvað námsmat varðar. Fyrsta árið vorum við frekar ómarkvissar í námsmati. Áfanginn var sá fyrsti sinnar tegundar í skólanum okkar og við einblíndum frekar á samvinnu nemenda og kennara heldur en að skoða námsmat sem slíkt. Haustið 2007 kynntumst við kenningum Paul Black og félaga um leiðsagnarmat og sáum að þær ættu vel við þær kennsluaðferðir sem við vorum að nota. Vorið 2008 fóru flestir kennarar Fjölbrotaskóla Snæfellinga á námskeið í leiðsagnarmati hjá Paul Black við King's College í London og veturinn 2008–2009 sóttu höfundar námskeiðið *Að vanda til námsmats* hjá Ingvari Sigurgeirssyni, prófessors við Kennardeild Háskóla Íslands, sem haldið var á vegum Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara. Þessi tvö námskeið gjörbreyttu viðhorfum okkur til námsmats og gerðu það markvissara.

## Samvinna kennara

Að samþætta og samkenna áfanga snýst um að fella niður landamæri námsgreinanna, kennarar geta ekki verið að hugsa um „sína“ grein og að hún fái nægilega mikla athygli í áfanganum. Ef vel á að vera á greinaskipting ekki heima í áfanga sem er samkenndur.

Fyrsti kosturinn sem kemur upp í hugann við samkennslu er að hún er ekki eins einmana- leg og það getur verið að kenna einn. Fleiri hugmyndir fæðast og það verður meiri gerjun við samræðuna innan kennarahópsins; sjónarhornin verða fleiri. Eins er gott að bera sam- eiginlega ábyrgð á verkefninu; það er svo miklu auðveldara að vera ekki einn.

Sigrún Aðalbjarnardóttir (2002) hefur fjallað um samvinnu kennara. Þar kemur fram að einn mikilvægur þáttur til þess að styðja við bakið á kennurum er að skapa þeim aðstæður sem hvetja þá til að ígrunda kennslu sína. Ígrundun kennara, sjálfsskoðun þeirra, er mikilvægur þáttur í þróun fagmennsku kennara og árangurs í starfi. Kennari sem fagmaður leitast stöðugt við að skoða sjálfan sig, meta og gagnrýna það sem fram fer í kennslunni með það í huga að bæta sig og lítur aldrei á sjálfan sig sem fullnuma í þessu sambandi. Slíkur kennari vinnur í raun sem rannsakandi á starfi sínu og sjálfum sér. Hann safnar gögnum um kennsluna, greinir þau, metur og endurmetur kennslu sína í framhaldi af því. Í þessu efni er samvinna kennara lykilatriði. Mikilvægt er að þeir hafi vettvang til að ræða hugsjónir sínar og sýn á kennslu, markmið og leiðir, sterkar hliðar sínar og veikar; vettvang til að deila reynslu sinni og skipuleggja starfið saman. Samvinna og samábyrgð styrkir kennarahópinn og eflir fagmennsku hans.

Hverjir eru þá ókostirnir við samkennslu áfanga? Það fyrsta sem kemur upp er að það er alltaf hætta á því að einhverjar hugmyndir verði ofan á og um leið komast aðrar ekki að. Sumir einstaklingar verða meira ráðandi en aðrir einfaldlega vegna þess að fólk er mis- munandi. Það tekur á að þurfa að taka tillit til annarra, vera ekki lengur einráður í áfang-

anum. Við erum ólíkir persónuleikar með ólík markmið, ólík sjónarmið og ólík viðhorf til kennslu og náms. Það er ekkert launungarmál að svona nán samvinna getur tekið verulega á taugarnar og hún er sannarlega ekki alltaf auðveld. Það þarf að taka tillit til annarra og líta á þá gagnrýni sem maður fær á jákvæðan hátt og læra að nýta hana til góðs. Þegar upp er staðið eru kostirnir mun fleiri og sterkari en gallarnir.

## Náðust markmiðin?

Þegar markmið sem sett voru í upphafi eru lesin má sjá að þessum markmiðum var náð.

Námsmarkmið:

- Nemendur tileinki sér lýðræðisleg vinnubrögð.
- Efla tengsl milli samstarfsþjóðanna.
- Nemendur sýni sjálfstæð og skapandi vinnubrögð.
- Nemendur sýni ábyrgð með þátttöku í verkefnum.
- Nemendur þjálfist í því að meta eigin vinnu og annarra.
- Nemendur hafi tækifæri til að taka þátt í mótun áfangans með lýðræðislegum vinnuaðferðum þar sem nemendur og kennarar velja þema sem unnið er með og þær aðferðir sem eru notaðar.
- Nemendur heimsæki vinaskólana á Norðurlöndum og vinni verkefni með þeim.

Þar sem þetta var þróunarverkefni sem við fengum styrk til að vinna skiluðu höfundar skýrslu til menntamálaráðuneytis á hverju vori. Í lokaskýrslunni vorið 2009 má lesa þetta:

Það er mat okkar að vinnubrögð nemenda hafi þróast og batnað gífurlega á milli ára. Þau eru orðin mjög fær í sjálfstæðum vinnubrögðum. Þau taka stóran þátt í að þróa áfangann með kennurum og eru óhrædd við að láta sínar skoðanir í ljós og prófa ný vinnubrögð. Áhrif þessa áfanga sjást greinilega í öðrum áföngum þar sem þessir nemendur sýna sömu vinnubrögð þar og hafa áhrif á aðra nemendur.

Þegar nemendur fá að vinna með kennurum að undirbúningi áfanga og skipulagningu hans verður til nýtt sjónarhorn. Kennarar þurfa að taka tillit til skoðana nemenda, áhuga þeirra og hvaða þekkingar þeir vilja afla sér. Þegar samvinnan beinist líka að nemendum og kennurum erlendis víkkar sjónarhornið enn frekar. Taka þarf tillit til nýrra sjónarmiða og nýir möguleikar koma fram.

Í samræðu nemenda og kennara, þar sem skoðanir beggja eru jafn gildar, verða til frábærar hugmyndir og það er ómetanlegt að ná að virkja nemendur og að kennarar stígi aðeins til hliðar og aðstoði, leiðbeini og hjálpi nemendum ef þörf er á.

Námsefnið verður til í höndum nemenda með ábendingum frá kennurum sem eru á hliðarlínunni og fylgjast með eins og samviskusamir þjálfarar. Eftir hvert verkefni lögðumst við í sjálfsrýni; hvað gerðum við vel, hvað hefðum við átt að gera öðruvísi og hvað á svo að gera næst. Aðferðir lýðræðis voru notaðar til að taka ákvarðanir um framhaldið.

Það er mikil lífsreynsla fyrir nemendur að kynnast menningu annarra þjóða í gegnum samvinnu sem þessa. Þeir sjá hvornig jafnaldrar þeirra hafa hlutina og hvaða áhugamál þeir hafa. Það er ómetanlegt að vinna að sömu verkefnum í þremur löndum og hittast síðan til að sýna verkefni og sjá verkefni hinna. Það er líka vitað mál að ef verið er að undirbúa verkefni sem á að sýna öðrum, leggur nemandi sig yfirleitt meira fram en ella.

Sama gildir um samvinnu kennara á milli landa. Taka þarf tillit til skoðana annarra og finna milliveginn svo að allir geti verið sáttir í lokin.



#### Nemendur og kennarar skólanna þriggja í Grundarfirði í mars 2009.

Eins og kom fram hér að framan var markmið verkefnisins að samþætta námsgreinar. Námsgreinar voru: saga, félagsfræði, íslenska, margmiðlun, myndlist, leiklist, þjóðfræði og lífsleikni. Það gekk mjög vel að samtvinnna þessar námsgreinar þannig að nemendur tækju ekki eftir því að sérstaklega væri verið að vinna með einhverja tiltekna námsgrein. Eftir á að hyggja hefði mátt hafa fleiri námsgreinar með eins og ensku vegna vinnu með erlendar heimildir og stærðfræði þar sem flest öll verkefni mátti tengja við t.d. fjármálalæsi eða aðra útreikninga. Þá má segja að í rauninni hafi nemendur unnið með markaðsfræði eða almannatengsl þar sem þeir þurftu að hafa samband við ýmsa aðila vegna verkefna sinna, sendu m.a. fjölmiðlum á Vesturlandi reglulega fréttatilkynningar um framgang verkefnisins. Sum verkefni tengdust uppeldisfræði og mannfræði þó svo að við höfum aldrei beint rætt þessar námsgreinar. Einnig hafa umhverfismál verið mikið í umræðunni síðustu ár. Því hefði legið beint við að taka þau á dagskrá en þau komu lítið til tals fyrir utan eitt verkefni þar sem nemendur bjuggu til skúlptúr eða útilistaverk af persónu í fullri stærð og nýttu til þess ýmiss konar afganga.

Undirbúningur kennara fyrir áfangann var gríðarlegur og þróunarvinna var stöðugt í gangi. Það að samþætta margar námsgreinar og kennsluaðferðir krafðist mikils undirbúnings af hálfu kennara og annars konar viðhorfs gagnvart kennslu og eigin kennsluaðferðum. Kennarar hefðu mátt hafa meiri tíma til að skipuleggja áfangana og vinna betur með markmið hvers verkefnis eins og kom berlega fram í upphafi fimmtu annar. Við teljum líka að þetta verkefni hafi verið of langt og að ekki hafi verið nægilega mikil áhersla lögð á samskiptin á milli landanna fyrir utan þann tíma sem heimsóknirnar stóðu yfir. Það er tvímælalaus skoðun okkar að verkefni sem þetta sé nauðsynlegt hverjum skóla og að slíkt verkefni þurfi að efla. Þess verður þó að gæta að gefa nógan tíma til undirbúnings og skipulagningar og eins að gera ráð fyrir fjármagni til að greiða fyrir yfirumsjón verkefnisins og samræmingu á milli landa.

Mat okkar er að vinnubrögð nemenda hafi þróast og batnað gífurlega á milli ára. Þau urðu mjög fær í sjálfstæðum vinnubrögðum, tóku stóran þátt í að þróa áfangann með kennurum og voru óhrædd við að láta sínar skoðanir í ljós og prófa ný vinnubrögð.

Það er samdóma álit okkar að þessi áfangi hafi verið einstaklega lærdómsríkur og áhuga-  
verður. Það að kenna áfanga án stýrandi námsbóka er erfitt en gefur um leið mikið frelsi.  
Áfangi eins og SNÆ gefur möguleika á samvinnu kennara í stað þess að hver og einn  
vinni í sínu horni. Auk þess gefast tækifæri til skoðanaskipta, að deila hugmyndum og til  
gagnkvæms stuðnings.

Vinna við mótun áfangans gekk mjög vel og var hún í náinni samvinnu við nemendur sem  
þótti það bæði mjög gaman og fræðandi að fá að taka þátt í undirbúningi og skipulagn-  
ingu verkefna. Eins og áður hefur komið fram tókst samþætting námsgreina mjög vel og  
er það álit okkar að þetta mætti gera mun oftar. Nemendur tengdust mjög vel innbyrðis  
sem og nemendum frá samstarfsskólum okkar og eru það tengsl sem munu seint rofna.  
Þau áttuðu sig á skyldleika landanna en jafnframt því hvað það er sem skilur þau að.

Í þetta stóru samstarfsverkefni þar sem fólk frá þremur ólíkum löndum vinnur lengi saman  
hefði verið gott að skipa einn verkefnisstjóra yfir verkefnið í heild.

Það er við hæfi að nemandi eigi lokaorðin í þessum vangaveltum um hvort markmiðin hafi  
náðst:

1 stjarna til Snæ fyrir: Að vera ekki niðurnjörvaður áfangi þar sem allt er gert  
beint eftir bókinni, heldur samstarf kennara og nemenda með dagskrá hverrar  
annar og þannig krefjandi á allt annan hátt.

## Viðhorf nemenda til SNÆ-áfangans

Á þeim tíma sem áfanginn SNÆ spannaði, gerðum við reglulega könnun á meðal nem-  
enda; hvernig þeim þætti áfanginn vera, hvað þeir væru ánægðir með og hvað mætti  
betur fara. Við spurðum þá í gegnum leiðarbækur og rýnihópa. Niðurstöðurnar gáfu okkur  
kennurunum bæði ástæðu til að halda áfram á sömu braut og einnig fengum við ábend-  
ingar um hvað við þyrftum að lagfæra.

Nemendur héldu leiðarbækur allan tímann sem áfanginn stóð og þar kom m.a. fram að  
þeim fannst auðvelt að skrifa leiðarbók, gott að skrifa það sem þeim fannst án þess að  
vera gagnrýndir fyrir það sem þeir sögðu. Nemendum fannst einnig gott að hafa þær til að  
rifja upp áfangann og leiðarbækurnar þóttu mjög góðar til að koma skoðunum á framfæri  
án þess að segja þær upphátt. Þegar vitnað er í ummæli nemenda í áfanganum SNÆ,  
sem tekin voru úr leiðarbókum þeirra að áfanganum loknum, má sjá að mörgum þeirra  
markmiða sem við settum okkur var náð.

Með áfanganum hefur okkur öllum verið kennt að nota sjálfstæð vinnubrögð,  
skipuleggja okkur í verkefnavinnu og hópvinnu. Við höfum líka eignast góða  
vini, innanlands sem utan sem var líklega ekki í verkefnalýsingunni en klárlega  
alveg meðvitað að myndi gerast.

Verkefnin hjá okkur hafa verið misskemmtileg og miskrefjandi. Kennararnir  
hafa verið missáttir og mispirraðir á framtakssemi og hugmyndaskorti  
nemenda. Allt gekk þetta samt vel að lokum. Það sem eftir stendur eru  
minningar um mikla vinnu sem skilaði sér. Frumleg og öðruvísi verkefni sem  
eru bæði til sýnis og í möppunum okkar.

Mér finnst SNÆ hafa staðið undir væntingum. ☺

Maður er orðinn ófeimnari að vinna í hóp með fólki sem maður þekkir lítið sem  
ekkert. Enskukunnátta hefur aukist sem og samskiptahæfni við fólk frá öðrum  
löndum.

Það gerist oft að ég dett inn í myndir og minningar frá ferðum okkar og þá kemur alltaf stórt brot á vör. Þessi þrjú ár hafa verið vægast sagt stórskemmtileg og ég er nokkuð viss um að þau hafi breytt miklu hjá mér. Ég var náttúrulega bara lítil smábæjarstelpa sem kom hingað og þekkti nánast engan. Þessi hópur hjálpaði mér rosalega mikið að kynna öðru fólki og gaf mér mikið sjálfs-traust og auðvitað má ekki gleyma öllum ferðunum, hvort sem þær voru innanlands eða utanlands. Þær ferðir munu seint gleymast og þessi hópur mun seint gleymast.

## Fjármál og viðhorf stjórnenda

Verkefnið hófst að frumkvæði okkar kennaranna og sáum við alfarið um fjáröflun til þess. Skólameistari Fjölbrotaskóla Snæfellinga á þessum tíma, Guðbjörg Aðalbergsdóttir, veitti okkur kennurum mikið frjálshæði og stuðning þegar á þurfti að halda og er óhætt að segja að opinn hugur hennar gagnvart þessari nýjung hafi verið okkur mikil hvatning. Búinn var til sérstakur áfangi í kringum verkefnið og laun kennara greidd af skólanum.

Ýmsir styrkir fengust til verkefnisins, t.d. frá Nordplus, Þróunarsjóði framhaldsskóla og Menningarsjóði Vesturlands.

Eins og fram hefur komið þá fól verkefnið í sér gífurlega vinnu kennara, ekki bara í formi nýrra kennsluáferða heldur einnig í undirbúningi, þróun og þjálfun í notkun nýs tækjabúnaðar og nýrra miðla sem var alfarið í höndum kennara að verða sér úti um.

Óskastaða okkar hefði vitaskuld verið að hafa meira svigrúm til verksins, bæði hvað varðar tíma til undirbúnings og fjármagn.

## Framtíðarsýn – ný námskrá

Þegar við lítum til baka erum við ennþá sannfærðar um að samþætting námsgreina hefur miklu fleiri kosti en galla. Nemendur átta sig á að þau landamæri sem alla jafna eru á milli einstakra námsgreina eru tilbúin en alls ekki meitluð í stein. Það er ekki nauðsynlegt að gera tvær keimlíkar heimildaritgerðir bæði í sögu og íslensku ef hægt er að samkenna áfangana og jafnvel gefa sér meiri tíma í eina ritgerð í stað tveggja.

Ný námskrá framhaldsskólanna býður upp á möguleika á samþættingu námsgreina sem unnin yrði á mun skipulagðari og markvissari hátt en hér var gert. Námskrá sem er byggð upp á þennan hátt getur hentað sérstaklega vel í upphafi skólagöngu þar sem lagt er upp með lausnamiðað nám til að þjálfa nemendur í kjarnafögum, upplýsingatækni, heimildavinnu og vinnulagi.

Skólinn hlýtur og mikinn ávinning af því að bjóða upp á áfanga eins og SNÆ því hróður hans berst víða. Segja má að meðan á verkefninu stóð hafi regluleg kynning á áfanganum farið fram í samfélaginu. Þá má líka minnast á það að í gegnum þetta verkefni fór fram mesta foreldrasamstarf sem um getur í skólanum frá stofnun hans.

Þróunarverkefnið hefur einnig aukið samræður kennara um kennslu almennt, kennsluáferðir, námsmat og þá ótal möguleika sem felast í starfinu okkar. Vel ígrundað og undirbúið verkefni sem felst í samþættingu námsgreina og samvinnu kennara ætti að vera hverjum kennara tilhlökkunarefni því það eykur víðsýni, umburðarlyndi og ánægju í starfi.

## Heimildir

Black, P., Harrison, C., Lee, C., Marshall, B., William, D. (2006). *Assessment for learning: Putting it into practice*. Berkshire: Open University Press.

Dewey, John. (1933). *Hugsun og menntun*. Þýðing Gunnar Ragnarsson. 2000. Reykjavík. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Gardner, Howard. (1993). *Frames of Mind: The theory of multiple intelligences*. New York: Basic Books.

Ingvar Sigurgeirsson. (2005). Um einstaklingsmiðað nám, opinn skóla og enn fleiri hugtök ... *Uppeldi og menntun*, 14(2), 9–32.

Montessori, Maria. (1912). *The Montessori method*. New York: Frederick A. Stokes Company.

Rousseau, Jean Jacques. (2001). *Emilé*. London: Dent.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2002). Í eilífri leit – Virðing og fagmennska kennara. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. Grein birt 9. janúar. Sótt 11. mars 2010 af <http://netla.khi.is/greinar/2002/005/03/index.htm>



Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir. (2010). Samþætting námsgreina hefur fleiri kosti en galla: Sagt frá þróunarverkefni í Fjölbrotaskóla Snæfellinga *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/001.pdf>